



25. janúar 2021

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um mál nr. S-8/2021 í samráðsgátt stjórnvalda

Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 70/2020 (forgangsröð krafna við skila- og slitameðferð)

Með ofangreindu frumvarpi er lagt til að innleiða tilskipun (ESB) 2017/2399 um rétt hæð ótryggðra skuldagerninga við skila- og slitameðferð vegna ógjaldfærni fjármálafyrirtækja. Hagsmunasamtök heimilanna eru ekki mótfallin því en gera þó eftirfarandi athugasemdir.

Samkvæmt tilskipuninni skal veita endurkröfum vegna innstæðna hæsta forgang óveðtryggðra krafna á hendur lánastofnunum. Sambærileg regla hefur hingað til verið í 103. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, eins og þeim var breytt með svokölluðum neyðarlögum nr. 125/2008. Sú regla reyndist hafa úrslitabýðingu við uppgjör bankanna sem féllu í fjármálahruninu.

Að þessu sögðu er þó mikilvægt að hafa í huga að fjármálafyrirtæki geta sniðgengið forgangsregluna með útgáfu svokallaðra sértryggðra skuldabréfa, þar sem veðkröfur ganga framur almennum kröfum samkvæmt íslenskum rétti. Þessu þarf að bæta úr og samtökin leggja því til að þeim kröfum sem tryggingasjóður innstæðueigenda og fjárfesta eignast, komi til greiðslu úr sjóðnum, verði veitt lögveð í eignum viðkomandi fyrirtækis, sem nýtur hæsta forgangs samkvæmt íslenskum rétti.

Þessu markmiði væri auðvelt að ná með eftirfarandi breytingu á lögum nr. 98/1999:

2. málsl. 3. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Krafa sjóðsins nýtur lögtaksréttar og lögveðsréttar í öllum eignum aðildarfyrirtækis, sem gengur framur samningsveðum og er krafan aðfararhæf án undangengins dóms eða sáttar.

Samtökin myndu jafnframt vilja að gengið yrði lengra þannig að allar kröfur neytenda á hendur föllnu fjármálafyrirtæki myndu njóta slíks lögveðsréttar. Þar getur til að mynda verið um að ræða kröfur um endurgreiðslu fjár sem neytandi hefur ofgreitt á grundvelli óréttmætra skilmála.

- o -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is